

Aðalfundur 4. maí kl: 20:00

Á þessu skólaári 2009-2010 voru eftirtaldir í stjórn:

Ester D. van Gooswilligen, Júlíus Friðriksson, Laufey Vilmundardóttir, Linda Birgisdóttir, Rut Ingólfssdóttir, Signý Harðardóttir, Þórður Þorbjörnsson sem kom inn í janúar.

Haldnir voru 9 fundir frá ágúst til apríl.

Tengsl FFM við foreldra:

- FFM skrifaði nokkrar línur í Mylluna þegar hún var gefin út.
- Fundargerðir voru settar inn á heimasíðu FFM
- Auglýsingar voru settar á heimasíðu skólans t.d. varðandi bekkjarfulltrúarfundi.

Störf með bekkjarfulltrúum:

- Á skólasetningu 1. bekkjar kynnti formaður foreldrafélagið og hvatti foreldra til að taka þátt í bekkjarfulltrúarstarfi.
- Í október þegar fyrsta foreldrasamtalið var, var óskað eftir bekkjarfulltrúum í öllum bekkjum og náðist það að mestu.
- Á heimasíðu skólans undir FFM/gaman saman, voru settar inn hugmyndir sem foreldrar geta nýtt sér þegar börn og foreldrar hittast.
- Bekkjarfulltrúarnámskeið var haldið á vegum FFGIR, þar sem fulltrúi Heimila og skóla hvatti okkur áfram. Sendur var tölvupóstur til allra bekkjarfulltrúa og þeir hvattir til að mæta.
- Mappa frá Heimili og skóla, sem nefnd er Foreldrabankinn, var kynnt en hægt er að kaupa hana á kr: 1500, og nýta í bekkjarsamstarfi.
- Stjórn boðaði til tveggja funda, með bekkjarfulltrúum/foreldrum. Sá fyrri var 27.október, en þá fengu allir foreldrar fundaboð og þeir hvattir til að mæta. Þá mættu 15 manns. Sá seinni var 2. febrúar og voru þá bara bekkjarfulltrúar boðaðir. Þá mættu 8 manns. Eftir seinni fundinn var ákveðið að stjórn muni tengjast bekkjarfulltrúum betur. Í mars var hringt í fulltrúa foreldra í 1- 4 bekk og þeim boðin aðstoð að koma á bekkjarhitting.

Jólafondur:

- Jólafondrið í ár var haldið 3. desember. Boðið var upp á 5 tegundir af trévörum á kr: 500 stykkið. Auglýst var á sama hátt og árið áður en því miður var mæting ekki eins mikil og síðasta ár.

Gjöld og útgjöld félagsins

- Eins og undanfarin ár var innheimt í heimabanka.
- FFM tók þátt í kostnaði á endurskinsvestum fyrir 1. og 2. bekk, í samstarfi við FFGIR og Sparisjóðinn. Hugmyndin er að börn í 1 bekk fái endurskinsvesti á hverju hausti.
- FFM keypti rósir sem nemendur 10. bekkjar fengu á hátíðarkvöldverði sínum. Á netinu má finna upplýsingar um fyrirkomulag hátíðarkvöldverðar þessa árs.
- Eftir glæsileg sýningaratriði á árshátíð skólans bauð FFM upp á skúffuköku og Svala.

- Í desember og apríl voru 10. bekkjum afhent kr: 50.000 upp í skólaferðalag þeirra, en sá peningur er styrkur sem félagið fékk frá FFGIR úr Manngildissjóði.
- FFM styrkti rútuferð 8. – 10. bekkjar nemenda sem fóru á Skólahreysti.

Skóladagatöl á ensku og pólsku:

- Í janúar 2010 voru afhent skóladagatöl á ensku og pólsku, ætluð heimilum þar sem íslenska er annað tungumál. Þau skóladagatöl taka mið að vorönninni. Á skólasetningu komandi vetrar munu skóladagatöl, á ensku og pólsku, fyrir allt næsta skólaár vera afhent foreldrum í nýbúadeildinni. Þessi skóladagatöl eru unnin í samstarfi við FFGIR.

Önnur mál FFM:

- Foreldrahandbók félagsins var uppfærð, en hún er á heimasíðu skólans undir FFM
- Forvarnadagurinn var haldinn í september. Nemendur tóku könnun og sat fulltrúi FFM yfir einum hóp nemenda.
- Nokkur umræða var um eineltismál í þjóðfélaginu. Á vegum FFGIR kom Ingó Veðurguð og talaði við og söng fyrir 5 bekkja. Fulltrúi FFM tók á móti honum.
- Fulltrúi FFM hefur setið fundi skólaráðs og er þannig tengiliður stjórnar við skólaráð.
- Tveir fulltrúar FFM fylgdust með 2 matartímum, til að undirbúa okkur undir fund með fulltrúum frá Skólamat, sem haldinn verður á fundi FFGIR.
- FFM þakkaði starfsmönnum skólans fyrir listaviku skólans. Í þeirri viku kom berlega í ljós hversu gott og óeigingjarnt starfsfólk skólans er, og hve mikið nemendur læra þó ekki sé af bókum.
- Lög félagsins eru frá því árið 2001 og er komið að endurskoðun.
- FFM fékk ábendingu frá tveimur starfsmönnum skólans, að ákveðinn gangavörður væri mjög ötul í að koma óskila fatnaði í réttar hendur. Stjórn ákvað að veita henni lítinn þakklætisvott og minna á að öll störf innan skólans skipta máli. Mun henni vera afhend blóm og kort (gert af Rut Ingólfssdóttur), á starfsmannafundi þann 5. maí, en þessi starfsmaður er Lára Maggý Magnúsdóttir.

FFGIR

- Mánaðarlegir fundir hafa verið hjá FFGIR og hefur fulltrúi FFM sótt þá alla.
- 4 fyrirlestrar á vegum FFGIR, frá janúar til apríl voru í boði fyrir foreldra grunnskólanemenda. Yfirskrift þeirra voru: Jákvætt barnauppeldi, Skapa ánægðir foreldrar ánægð börn, Hvernig geta foreldrar aðstoðað börnin sín í námi, Hlutverk foreldra í kynfræðslu barna sinna og Unglingarnir og við. Vel tókst til með þessa fyrirlestra.

Framundan:

- Styrkja bekkjarfulltrúarsamstarfið með því að tengja stjórn við bekkjarfulltrúa og þá sérstaklega frá 1-4 bekk.
- Fá fyrirlestra inn í skólann til nemenda. Byrja á yngstu nemendum og fylgja þeim svo uppúr.

Stjórn FFM og samstarf við skólastjórnendur:

Stjórn FFM hefur, þetta skólaár eins og önnur ár, einsett sér að taka að sér verkefni sem það ræður við. Eins og þessi skýrsla ber með sér hefur stjórn komið víða við og klárað þau verkefni sem það hefur tekið að sér. Það er einnig framtíðarhugar í stjórnarmeðlimum því við getum alltaf gert betur og ný verkefni bætast við.

Það er nauðsynlegt að samstarf sé á milli stjórnar og annarra foreldra. Það eru ekki allir foreldrar tilbúnir að vera bekkjarfulltrúar eða í stjórn foreldrafélagsins. Hins vegar berum við, sem foreldrar barna við skólann, sameiginlega ábyrgð á, að gott samstarf myndist á milli foreldra og skólans og að öllum börnum líði vel í skólanum. Stjórn hefur einsett sér að gera sig sýnileg, m.a. með því að skrifa í Mylluna, á link FFM og einnig hefur verið gefið upp netfang þar sem foreldrar geta haft beint samband við stjórn. Nokkur tilmæli hafa komið en við hvetjum foreldra að vera óhrædd að nýta sér þetta.

Foreldrasamstarf getur aldrei orðið gott, nema gott samstarf sé á milli foreldra, skólastjórnenda og annarra starfsmanna skólans.

Stjórnin er mjög þakklát að slíkt samstarf hefur alltaf verið til fyrirmyndar. Jákvæðni skólastjórnenda á því sem stjórn hefur tekið sér fyrir hendur og einnig að skólastjórnendur hafa leitað til stjórnar, hefur styrkt þetta samstarf.

Viljum við sérstaklega þakka Brynju Árnadóttur skólastjóra fyrir gott samstarf, og vonum að áframhaldandi samstarf verði með nýjum skólastjóra.

Með kveðju

Formaður foreldrafélags Myllubakkaskóla

Linda Birgisdóttir.